

Hagnýt ráð við flutning til útlanda

Vinna og nám erlendis: Námskeið fyrir
náms- og starfsráðgjafa og aðra
leiðbeinendur.

22. maí 2014

Halló Norðurlönd

- Upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Rekstur í höndum Norræna félagsins.
- Skrifstofur á sjö stöðum.
- Íslenska skrifstofan er á Óðinsgötu 7, í húsnæði Norræna félagsins.



Halló Norðurlönd

- **Hlutverk Halló Norðurlanda:** Að leiðbeina einstaklingum gegnum norræna skriffinnskukerfið.
- **Markmið:** Að auka hreyfanleika og auðvelda flutninga milli Norðurlandanna.



Upplýsingagjöfin:

- Heimasíða með upplýsingum.
- Þjónusta gegnum síma.
- Þjónusta á skrifstofu.
- Fyrirspurnir á netinu.
- Upplýsingafundir fyrir almenning.
- Upplýsingafundir og námskeið fyrir embættismenn.



Halló Norðurlönd

Vefsíða:

www.hallonordurlond.is

- Vefsíðan á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku.
- Upplýsingar veittar gegnum síma og tölvupóst á sömu tungumálum auk færeysku og ensku.
- Upplýsingagjöf en ekki bein ráðgjöf.



Halló Norðurlönd

Hvers konar upplýsingar?

- Reglur um skráningu lögheimilis.
- Ábendingar varðandi húsnæðisleit.
- Upplýsingar um húsaleigubætur.
- Upplýsingar um barnabætur, meðlag, fæðingarorlof og fleira sem viðkemur fjölskyldunni.
- Almennar upplýsingar um skattamál, til dæmis skattalega heimilisfesti og skattkort.
- Tollamál, til dæmis spurningar um flutning á ökutækjum.
- Vísun fólki í leit að námi á rétta aðila og gefum góð ráð.



Halló Norðurlönd

Landamærahindranir

- Að greina nýjar hindranir.
- Að rannsaka og skoða mögulegar hindranir.
- Að skrá og upplýsa um landamæra-hindranir.



Halló Norðurlönd

- Fyrirspurnir árið 2013 voru 3318 talsins.
- Fyrirspurnir til Íslands voru árið 2013 alls 576 talsins.
- Fjöldi fyrirspurna sem berst til Íslands er um það bil $\frac{1}{4}$ af öllum fyrirspurnum
- 850.000 heimsóknir á vefsíðu árið 2013



Halló Norðurlönd



norden

Halló Norðurlönd

Hvað ber að hafa í huga við flutning?

Gátlisti með atriðum til að hugleiða við flutning frá Íslandi til annars Norðurlands.



Halló Norðurlönd



norden

Halló Norðurlönd

- Lögheimilisskráning fer eftir norrænum samningi um skráningu í þjóðskrá. Til að flytja lögheimili sitt þarf að snúa sér til þess aðila sem sinnir manntalskráningu í því landi sem flutt er til. Í Danmörku eru það sveitarfélögin, í Svíþjóð og Noregi eru það skattayfirvöld og í Finnlandi eru það Magistraterna. Við skráningu er úthlutað kennitölu.
- Við flutning til baka til Íslands þarf að muna að taka með sér vottorðið E-104 frá Tryggingastofnun þess lands sem verið er að flytja frá. Þetta vottorð er farið með til Tryggingastofnunar á Íslandi strax eftir komuna til landsins til að sleppa við sex mánaða biðtíma inn í almannatrygginga-kerfið á Íslandi.




Halló Norðurlönd



norden

Halló Norðurlönd

- Nauðsynlegt er að hafa með sér nægt fjármagn til að framfleyta sér fyrstu vikurnar eða mánuðina. Þeir sem ætla að leigja þurf að hafa með sér nægt fé til að greiða tryggingu af húsnæði. Hafa ber í huga að stundum tekur tíma að afgreiða umsóknir, til dæmis um húsaleigubætur. Þannig borgar sig að gera ráð fyrir að geta greitt leigu fyrstu tvo mánuðina án þess að fá húsaleigubætur.
- Þeir sem eiga von á greiðslum úr almannatryggingum þurfa að hafa samband við Tryggingastofnun fyrir flutning. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir þá sem fá örorku- eða ellilífeyri. Skila þarf inn skattframtali á Íslandi vegna lífeyrisgreiðslna, en best er að afla upplýsinga um það hjá Tryggingastofnun fyrir brottför.




Halló Norðurlönd



norden


Halló Norðurlönd

- Barnabætur á Íslandi eru greiddar út af skattayfirvöldum ólíkt hinum norrænu ríkjunum þar sem þær eru greiddar af ígildi Tryggingastofnunar eða sveitarfélaginu (Danmörk). Sé þess þörf má nálgast barnabótavottorð hjá Ríkisskattstjóra sem segir til um að réttur til barnabóta á Íslandi sé ekki lengur til staðar. Aðeins er hægt að fá vottorðið eftir flutning. ...
- Barnshafandi konur ættu að kynna sér vel reglur um fæðingarorlof áður en ákvörðun um flutning er tekin, þar sem það getur skipt miklu máli hvar barnið er fætt og eins þarf að hlíta nákvæmum reglum ef flytja á réttindi til fæðingarorlofs milli landa.



Halló Norðurlönd

- Þeir sem flytja út til að fara í nám ættu að skoða möguleikann á skattalegri heimilisfesti. Þetta hentar til dæmis þeim sem koma til Íslands á sumrin til að vinna. Ríkisskattstjóri veitir nánari upplýsingar um skattalega heimilisfesti.
- Nauðsynlegt er að kynna sér tollareglur vel ef flytja á búslóð eða bíl með sér til norræns ríkis. Skráningargjöld ökutækja og kostnaður við flutning eru oft há og því þarf að skoða málið vel og reikna út hvort það borgi sig að taka ökutæki með.



Halló Norðurlönd



norden

Halló Norðurlönd

- Einstaklingar sem flytja utan vegna atvinnu ættu að hafa samband við Vinnumálastofnun með minnst þriggja vikna fyrirvara til að athuga með réttindi sín og jafnvel fá með vottorðið E-301 sem styttr biðina eftir atvinnuleysisbótum við atvinnumissi...
- Atvinnulausir sem hafa þegið atvinnuleysisbætur á Íslandi í að minnsta kosti fjórar vikur eiga að ákveðnum skilyrðum uppfylltum rétt á að taka bæturnar með sér við flutning til annars norræns ríkis. Það er gert með vottorðinu E-303, sem hægt er að fá hjá Vinnumálastofnun...



Halló Norðurlönd

- Gott getur verið að hafa samband við banka, til dæmis til að loka reikningum, breyta heimilisfangi á reikningum eða ganga frá lánum. Eins getur verið gagnlegt að hafa með bréf eða eins konar meðmæli frá bankanum til að framvísa þegar opnuð eru viðskipti í banka í nýja landinu.
- Ráðlegt getur verið að hafa samband við lækna og fá læknabréf á Norðurlandamáli eða ensku ef þú þjáist af undirliggjandi sjúkdómum og lyfseðil fyrir nauðsynlegum lyfjum til að hafa fyrstu vikurnar í nýju landi.
- Ekki gleyma að hafa samband við tryggingafélög og segja upp þeim tryggingum sem ekki á að halda eftir. Einnig að fá hjá þeim vottorð um bónus á bílatryggingum Íslandi, en það gæti gefið rétt úti ef tryggja á bíl þar.



Halló Norðurlönd

- Segja þarf upp áskriftum að sjónvarpi, líkamsrækt, síma og öðru þess háttar.
- Mikilvæg skjöl og pappíra getur verið gott að taka með sér, til dæmis meðmælabréf, próf-skírteini, heilsufarsbók barna og mögulega hjónavígsluvottorð og fæðingavottorð fjölskyldumeðlima.
- Huga þarf að því að póstur berist áfram, til dæmis með því að hafa samband við Póstinn og tilkynna breytingu á heimilisfangi, til dæmis á www.postur.is eða í næsta pósthúsi.



Halló Norðurlönd

Takk fyrir!

